

3. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2018 - 2019 haldinn fimmtudaginn 29. nóvember 2018 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Þorgerður Anna Arnardóttir, Sigrún María Jörundsdóttir og Frosti Jónsson. Fundinn sátu einnig Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir fulltrúi kennara, Viktor Freyr Ómarsson forseti NFFG og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- Breytingar á bókasafni skólans
Guðný Guðnadóttir forstöðumaður bókasafnsins kynnti fyrirhugaðar breytingar á bókasafninu. 12. des. verður safninu lokað og breytingar hefjast. Tölvurými fer út og rými fyrir hópavinnu, hljóðlaust rými og skapandi rými kemur inn. Munu geta lánað út fartölvur ef nemendur vantar tölvu. Breytingarnar rýma við hugmyndafræði skólans.
- Kynning á erlendu samstarfi innan skólans
Jóhanna Ingvarsdóttir kynnti erlent samstarf. Yfirlit yfir verkefni sem við höfum tekið þátt í og erum þátttakendur að. Líkar vel samstarfið við FG. Hefur sótt um styrki upp á ca. 70 milljónir í 4 verkefni sem FG hefur tekið þátt í, 3 af þeim eru ennþá í gangi. Nemendur og kennarar taka þátt. Mikilvægt að hugsa um að verkefni lifi áfram og dreifist en ljúki ekki með utanlandsferð. Eðlilegur hluti af skólastarfi að nemendur komist til útlanda á skólaferlinum í gegnum verkefni eða áfanga þar sem hluti hans er utlanlandsferð.
- Félagslíf nemenda á árinu
Formaður NFFG dreifði yfirliti yfir félagsstarf annarinnar. Ýmsir viðburðir hafa verið á önninni og gengið vel að mestu leyti. Nýnemar hafa verið duglegir að mæta á viðburði. Nemendastjórnin fær hrós fyrir að vera skipulögð og vel undirbúin.
- Fjármál skólans
Staða skólans er góð og ekki ástæða til að hafa áhyggjur af stöðunni í heild 2018.
- Önnur mál
Fyrirspurn – hvers vegna er vetrarfrí ekki í samræmi við frí hjá öðrum skólastigum í Garðabæ. Höfum hagsmuni skólans og nemenda að leiðarljósi við ákvörðun vetrarfrísins.

Fundi slitið kl. 12:55

Lagt er til að næsti fundur skólanefndar verði 1.febrúar 2019.

Snjólaug E. Bjarnadóttir